

45. fundur stjórnar Vesturlandsskóga haldinn í Hvannahúsinu 15.febrúar 2011.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson; Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst 13.20

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Rekstraráætlun ársins 2011.
 3. Umsókn Lilju Magnúsdóttur um styrk vegna mastersverkefnis.
 4. Umsög Vesturlandsskóga um frumvarp til laga um breytingar á náttúruverndarlögum.
 5. Afdrif athugasemda Vesturlandsskóga um aðalskipulag Borgarbyggðar.
 6. Styrkir til starfsmanna vegna sérstaks hlífðarfatnaðar og líkamsræktar.
 7. Fagráðstefna á vegum Skjólskóga og fl. haldin að Reykjanesi 23.-25. mars.2011.
 8. Námskeið í Danmörk um nýtingu timburs.
-
1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
 2. Sigvaldi gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir 58.5 milj.kr. fjárheimildum til Vesturlandsskóga á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að nota á árinu 8 milj. kr. af ónýttum fjárheimildum uppá 10.5 milj. kr. frá fyrri árum. Greiðslur til bænda eru áætlaðar 36 milj. kr. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að leggja 1.milj. kr. í rannsóknir. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.
 3. Lilja Magnúsdóttir, skógfræðingur, hefur sótt um styrk til mastersverkefnis, þar sem hún er að rannsaka afleidd störf, sem verða til við landshlutaverkefni. Samþykkt var að styrkja Lilju um kr. 100.000
 4. Umsögn Vesturlandsskóga um frumvarp til breytingar á náttúruverndarlögum. Formaður Vesturlandsskóga skrifaði undir athugasemdir um breytingarnar á lögnum ásamt öðrum í skógargeiranum. Ekki er talin ástæða til að senda að svo stöddu athugasemdir frá Vesturlandsskógum, en fylgjast vel með framvindu málsins.
 5. Athugasemdir vegna aðalskipulagsáætlunar Borgarbyggðar 2010-2022. Sigvaldi sendi athugasemdir fyrir hönd Vesturlandsskóga til Borgarbyggðar. Svar hefur borist frá Borgarbyggð og var nær ekkert tillit tekið til athugasemda frá Vesturlandsskógum.
 6. Samþykkt var að greiða starfsmönnum allt að kr. 15000 til líkamsræktar, gegn framvísun reikninga og styrk til kaupa á hlífðarfatnaðar eftir þörfum, samkvæmt kjarasamningum.
 7. Fagráðstefna skógræktarinnar verður haldin að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp daganna 23.-25. mars 2011. Stefnt er að því að starfsmenn og stjórnarmenn Vesturlandsskóga sækja ráðstefuna.
 8. Námskeið varðandi nýtingu timburs, þar sem það fellur til í smáum stíl, verður haldið í Danmörku um næstu mánaðarmót. Ákveðið var að Sigvaldi færi á námskeiðið.

9. Önnur mál. Rætt var um að ráða sumarstarfsmann, hugmyndir eru um að ráða mann til að gera ræktunaráætlanir í 1-3 mánuði í sumar. Sigvalda falið að skoða hvern hægt væri að fá til verksins. Sigvaldi gerði grein fyrir fundi með fjármálaráðherra um að ná samkomulagi við Norðmenn um að þeir greiði fyrir bindingu kolefnis í skógi hér á landi og fjármagni landshlutaverkefnin þannig. Þann fund sóttu, auk Sigvalda, Guðbrandur Brynjúlfsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson.

Fundi slitið kl. 15.55

Guðmundur Sigurðsson fundarritari